

Reykjavík 3. mars 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, Þskj. 233 — 211. mál.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórn Íslands verði falið að skipa starfshóp um ofbeldi maka gegn konum frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Samtökin leggja áherslu á að í þann hóp verði auk þeirra sem nefndir eru, skipaður fulltrúi frá samtökum eða aðilum sem vinna að málefnum og velferð barna. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að úrbætur og laga- og reglugerðarbreytingar taki jafnframt mið af börnum þeirra kvenna sem hér um ræðir, hvort sem börnin eiga íslenska feður eða ekki.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og íslenskum lögum er það réttur sérhvers barns að fá vernd gegn öllu ofbeldi. Það að búa á heimili þar sem kynbundið ofbeldi á sér stað hefur mikil áhrif á börnin og er andlegt ofbeldi gegn þeim, þau eru því einnig fórnarlömb ofbeldisins. Einnig eru dæmi þess að makar kvenna af erlendum uppruna beiti börn þeirra af fyrri samböndum ofbeldi. Mikilvægt er að slíkt sé ávallt kannað. Mikilvægt er að gæta hagsmuna barna sem eru vitni að heimilisofbeldi, að talað sé við þau, hlustað á þau og tryggt að þau fái alla nauðsynlega þjónustu og stuðning. Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja hér vekja athygli á nýútkominni skýrslu samtakanna „*Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*“. Skýrslan er meðfylgjandi. Niðurstöður og tillögur er að finna á bls. 4 -7.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hugi að heildstæðri löggjöf hér á landi um konur og börn sem búa við ofbeldi á heimilum sínum, hvort sem konurnar og börnin eru að íslenskum eða erlendum uppruna. Í þessu sambandi má benda á spænska löggjöf. Í nýútkominni sameiginlegri skýrslu Barnaheilla – Save the Children á Spáni, Ítalíu og Íslandi „*Children witnesses of gender violence in the domestic context*“ er m.a. rætt um löggjöf í löndunum (bls. 13 – 30) og tillögur um hvað þurfi að bæta í viðkomandi löndum (48 - 52). Skýrslan fylgir hér með.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vekja athygli á skýrslu nefndar á vegum Evrópuráðsins frá janúar 2010, sjá meðfylgjandi. Í skýrslunni eru drög að þingsályktun

og tillögur til aðildarríkja um að móta heildstæða stefnu í málum barna sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er mikilvægt að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í þessari vinnu Evrópuráðsins og sú vinna sé höfð til hliðsjónar við að bæta réttarstöðu þeirra kvenna sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háðar ofbeldisfullum mökum um landvist á Íslandi sem og að tryggja öryggi og vernd barna þeirra.

Ef nánari upplýsingar óskast er hægt að hafa samband við undirritaða.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla - Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri